

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

10. apríl 2015

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Nú er orðið langt um liðið frá síðasta fréttabréfi sem kom út fyrir páska. Nemendur komu úthvíldir úr fríinu og eru vonandi vel upplagðir fyrir lokasprettinn á skólaárinu.

Vinavika

Í næstu viku verður vinavika. Krakkarnir drógu í dag leynivin sem þau eiga að gleðja í laumi alla næstu viku. Þau mega ekki segja frá hver hann er. Það er ekki ætlast til að krakkarnir séu að kaupa gjafir sem kosta eitthvað að ráði heldur reyna frekar að búa eitthvað til sem gæti glatt viðkomandi. Það má samt alveg gefa smádót eins og strokleður eða eitthvað. Þó ekki sælgæti því það er auðvitað ekki leyfilegt í skólanum. Þetta geta verið kort, falleg mynd, föndur, vinaarmband, hálsfesti eða eitthvað annað föndrað. Miðvikudagurinn verður undanskilinn í leynivinaleiknum þar sem við verðum á Sólgörðum þann dag. Á föstudaginn verður svo gefið upp hver á hvaða leynivin.

Sólgarðadagurinn

Miðvikudaginn 15. apríl verður Sólgarðadagurinn. Á þessum degi verða allir nemendur Grunnskólans austan Vatna saman komnir á Sólgörðum og takast þar á við verkefni tengd tungumálum, íþróttum og stærðfræði. Foreldrar eru minntir á að klæða börnin sín eftir veðri því hluti af dagskránni er utandyra.

Vinakaffi

Föstudaginn 17. apríl kl. 11-12:30 verður haldið vinakaffi í skólanum, þar sem gestum og gangandi er boðið að koma í heimsókn í skólann og þiggja kaffi í boði nemenda.

Kaffihús 23. apríl

Síðasta kaffihús 9. bekkjar verður haldið Undir byrðunni á Hólum, sumardaginn fyrsta. Í þetta sinn ber kaffihúsið heitið PANGEA Restaurant. Á boðstólum verður hlaðborð með réttum frá ólíkum heimsálfum sem krakkarnir munu elda og baka sjálf. PANGEA Restaurant verður opið frá kl. 13:00-15:00. Vonumst til að sjá sem flesta.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi